

Mál nr. 60/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur gatnamótum Dalvegjar og Fífuhammsvegjar 30.12. 2006

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.03. 2007.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.03. 2007 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var ekið suður Dalveg en A var ekið Fífuhammsveg. Ökumaður B hugðist hreinsa gatnamótin en rautt ljós logaði fyrir akstursstefnu hans. A var ekið inn á gatnamótin af Fífuhammsvegi gegnt grænu ljósi og í hægri hlið B.

Álit.

Ökumaður B hugðist hreinsa gatnamótin. Honum bar að gæta aukinnar aðgæslu vegna umferðar um gatnamótin því rautt ljós var komið fyrir akstursstefnu hans.

Ökumaður A virðist hafa haft góða yfirsýn yfir aðstæður á gatnamótunum. Hann hefði þurft að gæta betur að annarri umferð áður en hann ók af stað. Með hliðsjón af framanrituðu og atvikum öllum og úrskurði nefndarinnar nr. 182/2002 er sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 12. apríl 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.